



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKIR ÞÁTTTAKENDUR Á ÓLYMPÍMÓTI FATLAÐA MÓTTAKA Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heiðrar í dag, sunnudaginn 16. september, íslensku þátttakendurna á Ólympíumóti fatlaða í London með sérstakri móttöku á Bessastöðum. Íþróttafólki og fjölskyldum þeirra, þjálfurum og öðrum starfsmönnum sem voru á Ólympíumótinu er boðið til móttökunnar ásamt forystu Íþróttasambands fatlaðra og ÍSÍ, svo og þeim sem áður hafa unnið til gullverðlauna á Ólympíumóti fatlaða; einnig fulltrúum styrktaraðila og fréttamönnum og ljósmyndurum sem viðstaddir voru Ólympíumótið. Móttakan hefst kl. 16:00.

16. september 2012

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson
skrifstofustjóri (820 4946).*